



Reykjavík, 19. apríl 2024

MSS23090053

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

**Afgreiðslubríf: Samningur Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu  
höfuðborgarsvæðisins um Reykjavík City Card**

Á fundi forsætisnefndar þann 19. apríl 2024 var lagt fram bréf menningar- og íþróttasviðs, dags. 16. apríl 2024, varðandi drög að samningi við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna Reykjavík City Card, ásamt fylgiskjölum.

Forsætisnefnd samþykkti að vísa málinu til meðferðar borgarráðs.

Virðingarfyllt,  
Bjarni Þóroddsson  
e.u.

Hjálagt:  
Bréf menningar- og íþróttasviðs, dags. 16. apríl 2024



**Reykjavík**



Reykjavík, 16. apríl 2024  
MIR24040010

Forsætisnefnd

### Samningur um Reykjavík City Card (Gestakortið)

Á fundi borgarráðs þann 16. febrúar 2023 voru samþykktar tillögur borgarstjóra um yfirfærslu vörumerkisins Visit Reykjavík til Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins. Í tillögunum kom fram að farið verði í greiningu á Reykjavík City Card og framtíð þess metin í samstarfi við Markaðsstofu. Í framhaldi af þeirri greiningu var ákveðið að flytja kortið yfir til Markaðsstofu.

Hjálögð eru samningsdrög á milli Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu um að Reykjavíkurborg feli Markaðsstofu að taka að sér alla framkvæmd, þróun, útfærslu og markaðssetningu á Reykjavík City Card.

Hlutdeild Markaðsstofu í tekjum gestakortsins er ætlað að standa undir bókhaldi, uppgjöri, þróun og markaðssetningu kortsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd samþykki hjálögð samningsdrög.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,  
sviðsstjóri  
menningar- og íþróttasviðs

Hjálagt:

Drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins.

## Samningur milli Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.

Aðilar samnings þessa; Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík og Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins ses. , kt. 560523-1650, Hamraborg 9, 200 Kópavogur (hér eftir Markaðsstofa), gera með sér eftirfarandi samning:

### 1. gr.

Reykjavíkurborg felur Markaðsstofu að taka að sér alla framkvæmd, þróun, útfærslu og markaðssetningu *Reykjavík City Card* (hér eftir gestakortið).

Reykjavíkurborg (Menningar- og íþróttasvið) og Markaðsstofa hafa með sér gott samstarf og samtal um þróun gestakortsins. Sviðsstjóri Menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar og framkvæmdastjóri Markaðsstofu skulu funda a.m.k. árlega þar sem farið er yfir stöðu, þróun og markaðssetningu gestakortsins.

Allar verðbreytingar á gestakorti skulu gerðar að höfðu samráði við Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar. Sama á við ákvörðun um þóknun til söluaðila kortsins.

Markaðsstofunni ber að gefa Reykjavíkurborg upplýsingar um alla söluaðila gestakortsins sé þess óskað.

### 2. gr.

Reykjavíkurborg felur Markaðsstofu að hafa umsjón með og þróa frekar lénið *citycard.is*.

Markaðsstofa tekur við rekstri á hýsingu lénsins og netfanga.

### 3. gr.

Reykjavíkurborg felur Markaðsstofu að annast greiningu og framkvæmd breytinga á gestakortinu s.s. mögulegum nýjum útfærslum, stafrænum möguleikum og meta almenna framtíð þess, þ.m.t. gera athugun á því hvort og hvernig útvíkka megji kortið fyrir allt höfuðborgarsvæðið og efla það frekar strax á árinu 2024.

Helstu áherslur þessa eru:

- Að stafræna kortið.
- Að efla starfsemi Markaðsstofu í formi þessa samstarfs með tilliti til markmiða hennar um þróun og markaðssetningu á öllu höfuðborgarsvæðinu.
- Að efla heildartekjur kortsins.
- Að efla viðskiptasambönd við söluaðila.

### 4. gr.

Reykjavíkurborg felur Markaðsstofu að annast innheimtu, uppgjör og skil þeirra tekna sem sala gestakortsins aflar ársfjórðungslega, þ.e. 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí, 15. október á gildistíma samningsins. Ársuppgjör skal lagt fram fyrir 1. apríl ár hvert.

Markaðsstofa annast uppgjör og uppskiptingu tekna af gestakortinu í samræmi við töflu í viðauka við samning þennan.

Markaðsstofa skal veita Reykjavíkurborg þær upplýsingar úr bókhaldi um heildarsölu, uppgjör og uppskiptingu tekna og gjalda sem óskað er á árlegum fundi sviðsstjóra og framkvæmdastjóra, sbr. 1. gr.

Reykjavíkurborg mun ekki inna af hendi fjárgreiðslur til Markaðsstofu samkvæmt samningi þessum. Hlutdeild Markaðsstofu í tekjum gestakortsins er ætlað að standa undir bókhaldi, uppgjöri, þróun og markaðssetningu gestakortsins.

Reykjavíkurborg mun aðstoða Markaðsstofu við að koma upp bókhaldskerfi til að sjá um uppgjör.

5. gr.

Telji annar samningsaðili að hinn aðilinn uppfylli ekki samningsbundnar skyldur sínar getur hann gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frest. Sé um verulegar vanefndir að ræða getur samningsaðili sagt samningi þessum upp með 30 daga fyrirvara frá því að athugasemdir voru bornar fram með skriflegum hætti.

6. gr.

Samningur þessi gildir til 31. desember 2025. Samningsaðilar er heimilt að hefja endurskoðun samnings eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok samnings.

Samningi þessum og viðauka verður ekki breytt nema með skriflegu samþykki aðila. Samningsaðilum er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

Við lok samnings er Markaðsstofu óheimilt að nýta vörumerkið Reykjavík City Card og vefsvæðið citycard.is.

7. gr.

Rísi ágreiningur út af samningi þessum eða framkvæmd hans og ekki næst samkomulag á milli samningsaðila, skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða frumritum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, 18. apríl 2024

f. h. Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.

f. h. Reykjavíkurborgar

## Viðauki

Skipting tekna af gestakorti skal vera sem hér segir:

Hlutaðeigandi aðili	Hlutfall af heildartekjum
Strætó bs.	20,0%
Þjóðminjasafn Íslands	6,5%
Elding - Hvalaskoðun Reykjavíkur ehf.	5,0%
Listasafn Íslands	8,0%
Listasafn Sigurjóns Jónssonar	1,0%
Markaðsstofa Höfuðborgarsvæðisins	12,0%
Sundlaugarnar í Reykjavík - Árbæjarlaug	1,5%
Sundlaugarnar í Reykjavík - Breiðholtslaug	1,5%
Sundlaugarnar í Reykjavík - Dalslaug	0,5%
Sundlaugarnar í Reykjavík - Grafarvogslaug	0,5%
Sundlaugarnar í Reykjavík - Klébergslaug	0,5%
Sundlaugarnar í Reykjavík - Laugardalslaug	4,0%
Sundlaugarnar í Reykjavík - Sundhöll	5,5%
Sundlaugarnar í Reykjavík - Vesturbæjarlaug	4,0%
Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn	5,0%
Borgarsögusafn – Árbæjarsafn	4,5%
Borgarsögusafn – Landnámssýningin	5,5%
Borgarsögusafn – Sjóminjasafnið í Reykjavík	4,5%
Borgarsögusafn – Ljósmyndasafn Reykjavíkur	1,0%
Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn	0,9%
Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús	6,3%
Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir	1,8%
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>